

Ed. **581. Frumvarp til laga** [209. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

4. mgr. A-liðar 8. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja og ellilífeyrisþega. Húsnæðismálastjórn gerir árlega tillögu til ráðherra um þá heildarfjárhæð, sem heimilt er að veita á ári hverju í þessu skyni. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um heildarfjárhæð, úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

1. málslíður 2. mgr. B-liðar 8. gr. breytist svo:

Á eftir orðunum: Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða — komi — eða söluíbúða.

3. gr.

2. mgr. B-liðar 8. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir“ komi: Á næstu 5 árum skal veita slík lán út á eigi færri en 150 íbúðir hvert ár eða samtals 750 íbúðir, enda sé eftirspurn eftir lánnum þessum af hálfu sveitarfélaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 23 23. maí 1975.